

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
(HEIM)

INOVIA

Uppgjörspartý!

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
I HEIM!

INOWA

Uppgjörspartý!

Margrét Tryggvadóttir
Þórhallur Jóhannsson

FYRIRTEKI ÁRSINS 2023



Staðan í hálfleik!



TEKJUR

3.217 M

2F 2022: 3.150 M

6.411 M

6M 2022: 6.122 M

EBITDA

973 M

2F 2022: 832 M

1.923 M

6M 2022: 1.648 M

EBITDA%

30,3%

2F 2022: 26,4%

30,0%

6M 2022: 26,9%

**HANDBÆRT FÉ
FRÁ REKSTRI**

959 M

2F 2022: 880 M

1.128 M

6M 2022: 1.111 M

30.06.2023

31.12.2022

**EIGINFJÁR-
HLUTFALL**

39,5%

39,8%

NOVA

Okkur líður vel!



Fjölgun viðskiptavina


+3,8%

Söluaukning

+5,5%

Þróun á brottfalli

+14,9%



FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2023

Nova

Fyrirtæki ársins

4 ár í röð



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

Íslenska ánægjuvogin

14 ár í röð

NOVA



Ánægðustu viðskiptavinirnir!


**Besti
díllinn hjá
Nova!**



Ánægðustu viðskiptavinirnir!

Besti dillinn er hjá Nova!

Hvaða vildarklúbbur/fríðindakerfi á Íslandi finnst þér vera best?



Markaðshlutdeild

Farsímanet I FlakkNet


Fjarskiptastofa gefur út skýrslu um fjarskiptamarkaðinn tvisvar sinnum á ári. Fjöldi símkorta í lok árs 2022 er 521.722.

Nova er leiðandi aðili á markaðnum með 33,3% markaðshlutdeild og 58,5% af gagnanotkun á flakkneti.

Markaðshlutdeild

33,3%

Farsímanet: Stækkun markaðar, símkorta*



*Skýrsla fjarskiptastofu

Markaðshlutdeild

Internetþjónusta | FastNet

Fjöldi netfenginga (ljósleiðari/xDSL)
í lok árs 142.334.


Internet til heimila

17,7%

Ljósleiðari


21,2%

Internet: Stækkun markaðar*



*Skýrsla fjarskiptastofu

Netþjónusta til heimila: Markaðstækifærivísitala



NOVA

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
HEIMI

Innviðir




5G uppbygging!

5G

Uppbygging 5G gengur samkvæmt áætlun og prófanir eru hafnar á næstu kynslóð 5G, Nova er með þeim fyrstu í Evrópu til þess að hefja slíkar prófanir.

- LJÓSLÉIÐARI
- BYLGJUKERFI
- NATO STRENGUR
- 5G SENDAR





Besta netsambandið!





Besta netsambandið!

**Net í
útlöndum!**

NOVA


STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
HEIMI

Fjármál



Tekjuvöxtur drifin af þjónustutekjum

- Heildartekjur á 2. ársfjórðung vaxa um 2,1% milli ára.
- Þjónustutekjur af FlakkNeti og FastNeti vaxa um 8,2% á milli ára. Fjöldgun viðskiptavina í farsíma- og ljósleiðara, á bæði einstaklings og fyrirtækjamarkaði. Reikitekjur aukast með aukinni ferðamennsku.
- Tekjur af vörusölu dragast saman um 20,2%
Sala símtækja og aukahluta hefur dregist saman.
- Aðrar tekjur hækka um 0,6% milli ára.
Aðrar fjarskiptatengdar sölutekjur vaxa um 2,9% (svo sem tekjur vegna samrekstrar og endursölu) en aðrar rekstrartekjur dragast saman.



	2F 2023	2F 2022	Breyting	%	6M 2023	6M 2022	Breyting	%
FlakkNet	1.547	1.441	106	7,4%	3.050	2.808	242	8,6%
FastNet	885	807	78	9,7%	1.760	1.604	157	9,8%
Vörusala	473	592	-120	-20,2%	941	1.084	-142	-13,1%
Aðrar tekjur	311	309	2	0,6%	660	626	34	5,4%
Heildar rekstrartekjur	3.217	3.150	67	2,1%	6.411	6.122	290	4,7%

Þróun tekjustofna

- **FlakkNet**

Tekjur af gagnanotkun í gegnum farsímanet. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

- **FastNet**





Tekjur fyrir ljósleiðara og aðra netþjónustu. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur

- **Vörusala**

Sala á símtækjum, aukahlutum og öðrum búnaði.

- **Aðrar tekjur**

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi, svo sem fastlínubjónustu og samrekstri. Einnig aðrar tekjur en frá fjarskiptabjónustu eða vörusölu, svo sem seðilgjöld og aðrar þóknunatekjur.



Rekstrarreikningur

- **Kostnaðarverð seldra vara lækkar um 3,8% milli ára.**

Innkaupakostnaður vörusölu lækkar með lægri vörusölutekjum. Kostnaður seldrar þjónustu hækkar í takt við fjölgun viðskiptavina. Jákvæð áhrif fjárfestingar í burðarreti komin fram.

- **Launa og launatengd gjöld hækka um 7,1% milli ára.**

Stöðugildi haldast í stað milli ára. Almennar launahækkunir á markaði skýra hækkun á milli ára.

	2F 2023	2F 2022	Breyting	%	6M 2023	6M 2022	Breyting	%
Heildar rekstrartekjur	3.217	3.150	67	2,1%	6.411	6.122	290	4,7%
Kostnaðarverð seldra vara	1.582	1.645	-62	-3,8%	3.137	3.159	-22	-0,7%
Laun og launatengd gjöld	460	430	31	7,1%	928	856	72	8,4%
Annar rekstrarkostnaður	201	243	-42	-17,4%	423	459	-35	-7,7%
Heildar rekstrargjöld	2.243	2.317	-74	-3,2%	4.489	4.474	15	0,3%
EBITDA	973	832	141	17,0%	1.923	1.648	275	16,7%
EBITDA%	30,3%	26,4%	3,8%	14,5%	30,0%	26,9%	3,1%	11,4%
Afskriftir	(-538)	(-495)	(-43)	8,8%	(-1.051)	(-965)	(-86)	8,9%
Rekstrarhagnaður	435	337	98	29,0%	872	683	189	27,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(284)	(254)	(30)	11,9%	(523)	(486)	(37)	7,6%
Tekjuskattur	(-30)	(-15)	(-15)	104,2%	(-69)	(-39)	(-30)	78,2%
Hagnaður tímabilsins	121	69	52	76,4%	280	159	122	76,7%
Hagnaður á hlut	0,03	0,02	0,01	66,0%	0,07	0,05	0,03	56,1%

Rekstrarreikningur

- **Annar rekstrarkostnaður lækkar um 17,4% milli ára.**

Á 2. ársfjórðungi 2022 var gjaldfærður einskiptisliður upp á 40 m.kr. á vegna skráningar félagsins á hlutabréfamarkað. Leiðrétt fyrir þeim lið er 1% lækkun milli ára.

- **EBITDA vex um 17,0% á milli ára.**





Tekjuvöxtur að koma frá framlegðra hærri tekjum. Heildar rekstrargjöld standa í stað.

- **Hagnaður tímabilsins hækkar um 76%.**

Fjármagnsgjöld hækka um 11,9% vegna hærri leiguskuldbindinga milli ára og áhrifa verðbólgu.

	2F 2023	2F 2022	Breyting	%	6M 2023	6M 2022	Breyting	%
Heildar rekstrartekjur	3.217	3.150	67	2,1%	6.411	6.122	290	4,7%
Kostnaðarverð seldra vara	1.582	1.645	-62	-3,8%	3.137	3.159	-22	-0,7%
Laun og launatengd gjöld	460	430	31	7,1%	928	856	72	8,4%
Annar rekstrarkostnaður	201	243	-42	-17,4%	423	459	-35	-7,7%
Heildar rekstrargjöld	2.243	2.317	-74	-3,2%	4.489	4.474	15	0,3%
EBITDA	973	832	141	17,0%	1.923	1.648	275	16,7%
EBITDA%	30,3%	26,4%	3,8%	14,5%	30,0%	26,9%	3,1%	11,4%
Afskriftir	(-538)	(-495)	(-43)	8,8%	(-1.051)	(-965)	(-86)	8,9%
Rekstrarhagnaður	435	337	98	29,0%	872	683	189	27,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(284)	(254)	(30)	11,9%	(523)	(486)	(37)	7,6%
Tekjuskattur	(-30)	(-15)	(-15)	104,2%	(-69)	(-39)	(-30)	78,2%
Hagnaður tímabilsins	121	69	52	76,4%	280	159	122	76,7%
Hagnaður á hlut	0,03	0,02	0,01	66,0%	0,07	0,05	0,03	56,1%

Rekstrarreikningur – kennitölur



Gröf leiðrétt fyrir einskiptisliðum 1F 2021 (sala hlutdeildarfélag), 4F-2021 (sala óvirkra innviða) og 1H-2022 (skránning á hlutabréfamarkað).



Efnahagsreikningur

- Eignir**


Fjárfestingar í fjarskiptabúnaði og tíðniheimildum umfram afskriftir sem og aukning leigueigna með fleiri sendastöðum hækka fastafjármuni. Aðrar skammtímakröfur og birgðir hækka frá áramótum en gert ráð fyrir að lækka hvorutveggja aftur seinni hluta árs.

- Skuldir**


Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka í takt við afborgunarferli en aðrar skuldir og leiguskuldbindingar og hækka með fjölgun sendastaða og leigusamninga.

	30.6.2023	31.12.2022
Viðskiptavild	10.049	10.049
Óefnislegar eignir	1.721	1.637
Rekstrarfjármunir	4.133	3.863
Leigueignir	4.267	4.060
Aðrar eignir	3	3
Tekjuskattsinneign	427	378
Fastafjármunir samtals	20.599	19.989
Birgðir	492	411
Viðskiptakröfur	1.093	1.145
Aðrar skammtímakröfur	809	562
Handbært fé	431	665
Veltufjármunir samtals	2.824	2.782
Eignir samtals.....	23.424	22.772
Eigið fé.....	9.247	9.053
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.252	2.304
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Leiguskuldbindingar	6.195	6.039
Aðrar skuldir	2.920	2.795
Langtímaskuldir samtals	11.367	11.138
Næsta árs afb. langtímaskulda	130	129
Viðskiptaskuldir	1.188	947
Ógreiddir skattar	120	254
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	308	224
Aðrar skammtímaskuldir	1.063	1.026
Skammtímaskuldir samtals	2.809	2.580
Skuldir samtals.....	14.176	13.718


Efnahagsreikningur - kennitölur




■ Eigenfjárhlutfall



■ Veltufjárhlutfall



■ Vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar langfímaskuldir samtals



■ Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar langfímaskuldir/EBITDA



■ Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDAaL

Sjóðstreymi

- **Veltufé frá rekstri hækkar milli ára.**
- **Handbært fé frá rekstri**
Tekjuskattur ársins greiddur að fullu á fyrsta ársfjórðung.
- **Fjárfestingahreyfingar**
Fjárfestingar í línu við áætlanir.
- **Fjármögnunarhreyfingar**
Félagið hóf endurkaup eigin bréfa í lok maí síðastliðinn í samræmi við samþykkt aðalfundar í mars síðastliðnum. Á öðrum ársfjórðung keypti félagið 19 milljónir hluta að upphæð 86 m.kr.

	2F 2023	2F 2022	6M 2023	6M 2022
Veltufé frá rekstri	973	832	1.923	1.648
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	166	264	(-178)	(-82)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-181)	(-174)	(-362)	(-370)
Greiddir skattar	0	(-42)	(-254)	(-85)
Handbært fé frá rekstri	959	880	1.128	1.111
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-569)	(-640)	(-944)	(-858)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-81)	(-76)	(-150)	(-151)
Fjárfestingahreyfingar	(-649)	(-717)	(-1.094)	(-1.009)
Keypt eigin bréf/Breyting á hlutafé	(-86)	3.395	(-86)	3.395
Afborgun leiguskuldbindinga	(-46)	(-37)	(-95)	(-73)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-11)	(-10)	(-23)	(-19)
Afborganir langtímalána	(-33)	(-3.433)	(-66)	(-4.613)
Fjármögnunarhreyfingar	(-177)	(-85)	(-270)	(-1.310)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	133	78	(-236)	(-1.208)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(-2)	(-0)	2	(-0)
Handbært fé í upphafi tímabilsins	300	892	665	2.179
Handbært fé í lok tímabilsins	431	970	431	970



Fjárfestingar

- Uppbygging 5G gengið samkvæmt áætlun.
- Styrking á kjarnakerfi og bylgjulengdarkerfi.
- Uppfærsla á fjárhagskerfi.
- Úthlutun tíðniheimilda.
- Þróun þjónustukerfa, vef og app.

Horfur fyrir 2023

Áfram áætlað að vera innan þess spábils sem var útgefið í byrjun mars.


Tekjur áætlaðar á bilinu 13.100-13.700 m.kr.

- Miðgildið nemur um 6% vexti milli ára


EBITDA áætluð á bilinu 3.700-4.100 m.kr.

- Miðgildið nemur um 7% vexti milli ára.

Fjárfestingar áætlaðar á bilinu 14-15% af heildartekjum sem nemur 17-18% af fjarskiptatekjum.



Tekjuþróun



EBITDA þróun

Spurningar?

fjarfestatengsl@nova.is



FORTUNA
INVEST



www.nova.is/fjarfestar

NOVA



Nova ♡
Geðrækt



Nova ♡
Íslenska Tónlist




Nova ♡
Umhverfið



Nova ♡
Nýsköpun

STARTUP
SUPERNOVA



Af hverju NOVA?

NÚTÍMALEGIR OG ÖFLUGIR INNVIÐIR

Þróun eigna og snjöll eignakaup hafa stuðlað að nútímavæddum innviðum sem skapa öfundsverða tæknilega stöðu.

STERKT VÖRUMERKI

Stutt og grípandi vörumerki hefur orðið táknað fyrir góða þjónustu við viðskiptavinum, nýsköpun og besta dýlinn.

MARKAÐSLEIÐANDI FRUMKVÖÐULL

Nova er í fararbroddi í nýrri tækni með hraðvirkri, lipri og nýstárlegri útfærslu á nýjum vörum.

NOVA LIÐIÐ

Reynt, áhugasamt og hæfileikaríkt teymi er stutt af hluthöfum og uppfyllt af áncægðum starfsmönnum.

STERK MARKAÐSHLUTDEILD

Nova er þjónustuaðili fyrir 33% af farsímamarkaði. Nova er ört vaxandi ljósleiðaraveitan og nær 21% markaðshlutdeild á innan við sex árum, 16% af interneti til heimamarkaðar og 25% af b2b mörkuðum.

ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRINIR

Undanfarin 14 ár í röð hefur Nova skorað hæst í Íslensku Áncægjuvuginni á fjarskiptamarkaði.

VAXTARSAGA

Viðskiptamódel Nova er skalanlegt og arðbært með aðlaðandi framlegð.

INNOVA



Leiðinlegi hlutinn

Við erum mjög bjartsýn eins og þið sjáið en það er eitt sem þarf að koma fram. Allt sem stendur hérna er byggt á hugmyndum einhvers fólks sem vinnur á skrifstofu hjá Nova. Ekki staðreyndum eða vísindum. Við erum ekki Nasa.

Allt sem þessu ágæta fólki dettur í hug að senda frá sér felur í sér ákveðna óvissu, enda eru þau bara mannleg, og þessi fréttatilkynning er ágætis dæmi um það.

Okkur finnst skrýtið að þurfa að taka það fram, en fjárfestar þurfa að átta sig á því að framtíðin er óskrifað blað. Við erum ekki með kristalskúlu sem sýnir okkur hvað gerist næst. Hlutir geta breyst. Til dæmis gæti afkoman orðið önnur en kemur fram í þessari tilkynningu. Eða loftsteinn tortímt gervöllu Arnarnesinu.

Staðhæfingar gilda bara á þeim tíma sem fréttatilkynningin kemur út, það er að segja í nútímanum. Ekki framtíðinni.

Þið bara lesið þetta með það í huga, takk.

NOVA

STÆRSTI
SKEMNTI
STAÐUR
(HEIM)

INOVIA

Uppgjörspartý!